

6.

MARGÞÆTTUR SIGUR.

Með þessum sættum hafði Ísland unnið margþættan sigur. Varðandá sjálfa landhelgina voru ákvæði samningsins okkur ósambærilega miklu hagstæðari en tafarlaus og skilmálalaus viðurkenning 12 mílnanna. En auk þess hafði nú tekist að tengja að nýju gömul bönd samúðar og gagnkvæmrar vináttu milli Íslendinga og Breta og með því verið vikið frá vörum þjóðarinnar og alls hins frelsisunnandi heims hinum beizka bikar fjörráða kommúnistanna.

Margir erlendir stjórnámálamenn, veinveittir Íslandi, hafa látið í ljós undrun yfor því, að Íslendingum skyldi takast að ná þessum sáttum, og er það að vonum. Dykir mörgum með öllu óskiljanlegt, að Íslendingar skyldu kaupa þær því einu verði að heita því að lúta þeim lögmálum, sem allar menningarþjóðir telja sér skylt að fylgja þeim er mest nauðsyn á, sem minnstar eru, en það er að leita alþjóðadóms um lögmæti nýrrar útfærzlu landhelginnar. En þessa yfirlýsingu gáfu Íslendingar, jafnframt því sem þeir lýstu yfir, að þeir myndu halda áfram baráttunni fyrir stækkaðri landhelgi eftir öllum löglegum leiðum.

Úr landsfundarræðu, 25. apríl 1963.